



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-03014/AIG-22**

Dags: **20. ágúst 2014**

Staður: **Reykjavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Hreyfill missti afl**

Þann 20. ágúst 2014 var flugvélin TF-FGC (Diamond DA-20) í snertilendingum á BIRK. Um borð var einflugmannsnemi í einflugi. Yfir flugbrautinni ætlaði flugneminn að hætta við snertilendingu og fara í fráhrarfsflug. Ekki fékkst næginlegt afl á hreyfilinn og lenti hann því vélinni. Í kjölfarið átti flugvélin í erfiðleikum með að aka undir eigin afli í Fluggarða. Við skoðun á flugvélinni var mál M-03014/AIG-22 opnað og fundust smáar

agnir í eldsneyti í tönkum sem og í eldsneytissíu, sem einnig var illa farin af spansgrænu. Skipt var um eldsneytissíuna og eldsneytistankar voru grannskoðaðir (boroscope) án þess að nokkuð frekara fyndist. Einnig voru eldsneytissýni tekin af öðrum flugvélum sem og úr AVGAS eldsneytistanki Skeljungs í fluggörðum því grunur lék á að um



væri að ræða mengað eldsneyti. Við prófanir kom hins vegar í ljós að eldsneytið frá Skeljungi og úr öðrum flugvélum reyndist uppfylla kröfur. Eldsneytið úr tönkum TF-FGC var því sent til frekari rannsóknar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og kom í ljós að það innihélt aðskotarefni sem voru að mestu leyti af lífrænum toga, en einnig úr ýmsum málum, svo sem zink, ál o.fl. Þegar ekkert frekara fannst var flugvélin gerð lofthæf.

Eftir nokkur flug til viðbótar varð að nauðlenda flugvélinni þann 15. september 2014 á Sandskeiði þar sem hún missti hreyfilafli. Við það atvik var mál M-03414/AIG-26 opnað.



Hefur sú rannsókn leitt í ljós að eldsneytisdreifikerfið innihélt málmvarf sem truflaði eldsneytisflæði. Eftir að skipt var um íhluti eldsneytiskerfis flugvélarinnar í tengslum við rannsókn M-03414/AIG-26 hefur flugvélin verið gerð lofthæf að nýju og hefur flogið án vandkvæða. Til stendur að skrifa

skýrslu um rannsókn M-03414/AIG-26 þar sem bilunin fannst. RNSA telur að um sama vandamál hafi verið að ræða í báðum tilfellum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði máli M-03014/AIG-22 með bókun þann 24. september 2015 og ákvað að skrifuð yrði skýrsla um mál M-03414/AIG-26 sem tekur þetta atvik með í umfjölluninni.